

## **Friðlandið Surtsey –**

### **Verk- og samráðsáætlun**

#### **vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar**

Samstarfshópur skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðstofnun, Surtseyjarfélaginu og Hafrannsóknarstofnun vinnur að endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey. Samstarfshópurinn er skipaður með sama hætti og ráðgjafarnefnd friðlandsins líkt og kveðið er á um í 4. gr. auglýsingar um friðlýsingu friðlandsins [nr. 50/2006](#).

Samráð er afar mikilvægur hluti af vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunir og mikilvægt að það hefjist á fyrstu stigum málsins. Markmið samráðsins er að upplýsa um framvindu verkefnisins og fá fram ólík sjónarmið og sérfræðiþekkingu inn í vinnuna.

#### **Verkáætlun**

##### **2024**

*Ágúst:* Fyrsti fundur samstarfshóps og upplýsingar um vinnuna birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

*September:* Hagsmunaaðilar upplýstir um að vinnan sé hafin

*September-desember:* Unnið að fyrstu drögum áætlunarinnar, samstarfshópur fundar eftir þörfum.

##### **2025**

*Janúar-febrúar:* Aðgerðum forgangsraðað og aðgerðaráætlun unnin.

*Febrúar- mars:* Drög að áætlun í sex vikna kynningarferli.

*Mars-apríl:* Unnið úr innkomnum athugasemdum á kynningartíma, samstarfshópur fundar eftir þörfum. Áætlun vísað til ráðherra til staðfestingar.

Í byrjun árs 2025 er gert ráð fyrir að drög að stjórnunar- og verndaráætlun verði auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og víðar eftir þörfum þar sem öllum gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Þeim samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun verður sendur tölvupóstur/erindi til að vekja athygli á að áætlunin sé í kynningarferli.

## **Samráðsáætlun**

Þeim samráðsaðilum sem tilgreindir eru hér fyrir neðan er sent erindi til upplýsinga um að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey sé hafin og óskað eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast geta við gerð áætlunarinnar.

Til viðbótar því samráðsferli er fram kemur hér að ofan verður haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni verður til.

- Aldin – eldri aðgerðarsinnar
- Björgunarfélag Vestmannaeyja
- Bjargveiðimannafélag Vestmannaeyja
- Flugmálafélag Íslands
- Fuglavernd
- Forsætisráðuneytið
- Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir
- Fuglavernd
- Innviðaráðuneytið
- ISAVIA
- Landvernd
- Landhelgisgæslan
- Matvælaráðuneytið
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Náttúruverndarsamtök suðurlands
- Samgöngustofa
- Slysavarnarfélagið Landsbjörg
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
- Ungir umhverfissinnar
- Vinir íslenskrar náttúru